

Ed.

39. Frumvarp til iðnaðarlaga.

[38. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Lög þessi taka til rekstrar hvers konar iðnaðar í atvinnuskyni. Til iðnaðar telst bæði handiðnaður og verksmiðjuíðnaður, hvaða efni eða orka, vélar eða önnur tæki, sem notuð eru, og hvaða vörur eða efni, sem framleidd eru. Heimilisiðnaður, skal undanskilinn ákvæðum laganna.

2. gr.

Enginn má reka iðnað í atvinnuskyni á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi til þess fengið leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður, karl eða kona, getur fengið leyfi til að reka iðnað, handiðnað og verksmiðjuíðnað, ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Er íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi.
2. Er lögráða.
3. Hefur forræði á búi sínu.
4. Hefur ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.
5. Hefur viðskiptaþekkingu svo sem bókhaldskunnáttu, sem krafist er við burtfararpróf úr iðnskóla.
6. Fullnægir að öðru leyti skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum. Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1., 4. og 5. tl.

4. gr.

Nú vill félag eða stofnun reka iðnað og skal þá svo með fara:

1. Ef nokkrir félagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum félags, þá skulu allir, sem fulla ábyrgð bera, uppfylla þau skilyrði, sem í 3. gr. eru sett.
2. Ef enginn félagar ber fulla ábyrgð á skuldbindingum félags, þá skal það eiga heimilisfang og varnarþing á landi hér, enda fullnægi framkvæmdastjórar og stjórnendur félags, skilyrðum 3. gr.
3. Ef félag er hlutafélag, þá skal enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna, búsettra á Íslandi. Iðnaðarráðherra getur veitt samskonar undanþágur frá ákvæðum 1. og 2. tölulíðs og í 3. gr. segir.

5. gr.

Leyfi glatast, ef leyfishafi missir einhverra þeirra skilyrða, sem í 3. og 4. gr. segir, eða þeirra skilyrða, sem annars eru sett eða kunna að verða sett til að halda réttinum. Nú missir stjórnandi eða framkvæmdastjóri félags slíkra skilyrða, eða félag eða stofnun missir íslenskt heimilisfang, og skal þá aðili hafa komið málinu í löglegt horf innan 3ja mánaða frá því að breyting varð, en hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sérstaklega stendur á.

6. gr.

Leyfi er bundið við nafn. Rétt er maka að halda áfram iðnaði látins maka síns án nýs leyfis, enda fullnægi makinn lögmaeltum skilyrðum.

Bú aðila, er leyfi hafði, má reka iðnaðinn, að því leyti sem sá rekstur er þáttur í skiptameðferð þess. Erfingi 16 ára eða eldri má reka iðnað arfleiddanda án nýs leyfis, þar til hann er fjárráða, ef hann að öðru leyti fullnægir skilyrðum 3. gr.

7. gr.

Greina skal í iðnaðarleyfi, hvers konar verksmiðjuiðnað heimilt sé að reka samkvæmt því, og hvar hann megi reka. Ekki veitir leyfi heimild til að reka verksmiðjuiðnað annarrar tegundar en nefnd er í leyfi.

Veita má sama aðila leyfi til að reka verksmiðjuiðnað í fleiri en einni grein, og leyfi til að reka verksmiðjuiðnað á fleiri stöðum en einum.

8. gr.

Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar samkvæmt iðnfræðslulögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara.

Meistari skal bera ábyrgð á að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst.

Rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafa meistara, sveinar og nemendur í iðngreininni. Ráða má þó verkafólk til iðnaðarstarfa. Einnig getur hver og einn unnið iðnaðarstörf fyrir sjálfan sig og heimili sitt. Ennfremur fyrir opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um minni háttar viðhald á eignum þessara aðila er að ræða.

Í sveitum, kaптúnunum og þorpum, með færri en 100 íbúa, mega óiðnlærðir menn vinna að iðnaðarstörfum.

9. gr.

Rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein hafa þeir einir, er hafa sveinsbréf eða meistarabréf í iðngreininni.

10. gr.

Hver maður getur leyst meistarabréf, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem í 3. gr. segir og hefur lokið sveinsprófi í iðngrein sinni, enda hafi hann unnið að henni síðan undir stjórn meistara ekki skemur en eitt ár og lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla. Meðan eigi er meistaraskóli í iðninni, getur hver maður leyst meistarabréf, hafi hann unnið undir stjórn meistara í iðngreininni eða ná-tengdri iðngrein að loknu sveinsprófi, eigi skemur en tvö ár.

Meistarabréf veitir meistara leyfi til að reka þá iðngrein, er meistarabréf hans tekur til.

11. gr.

Sá hefur fyrirgert meistarabréfi sínu, sem missir einhvers þeirra skilyrða, er fullnægja þarf til þess að öðlast það.

12. gr.

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf að fenginni umsögn hlutaðeigandi iðnráðs, svo og iðnaðarleyfi.

Nú synjar lögreglustjóri um meistarabréf eða iðnaðarleyfi, eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi misst rétt sinn, og er aðila þá rétt að bera málið undir iðnaðarráðherra. Ennfremur getur hann leitað úrskurðar dómstóla.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir iðnaðarleyfi og meistarabréf.

13. gr.

Halda skal skrá yfir iðnaðarleyfi og meistarabréf, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt.

Leyfishafar skulu jafnan tilkynna lögreglustjóra heimilisfang atvinnustöðvar sinnar og útibú, og allar breytingar, er þar á verða. Lögreglustjóri framsendir síðan þær tilkynningar til skrár þeirrar, sem haldin er.

Ráðherra setur nánari fyrirmæli um þessi efni.

14. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skal hlutverk þess vera að veita lög-reglustjórum aðstoð við að halda uppi eftirliti með ákvæðum laga þessara varð-andi handiðnað, auk þess að starfa samkvæmt lögum um iðnfræðslu.

Í iðnráði skulu vera fulltrúar frá löggiltum iðngreinum. Ráðherra setur reglu-gerð um kosningu til þeirra og starfssvið.

15. gr.

Það varðar sektum:

1. Ef maður rekur iðnað, án þess að hafa leyst leyfi eða leyfir öðrum að reka iðnað í skjóli leyfis síns.
 2. Ef maður tekur að sér störf meistara, án þess að hafa leyst meistarabréf.
 3. Ef maður rekur löggilta iðngrein, án þess að hafa meistarabréf.
 4. Ef maður kennir sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein, án þess að hafa rétt til þess samkvæmt 9. gr.
 5. Ef maður eða fyrirtæki tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eða það eigi ekki rétt til þess, eða tekur nemendur til náms í annarri iðn en þeirri, sem hann er meistari í, eða heldur nemendur án löglegs samnings.
- Sektir renna í ríkissjóð.
Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Heimilt er að dæma mann, er sekur gerist um ítrekað brot gegn lögum þessum, til missis iðnaðarleyfis og meistarabréfs, tímabundið eða jafnvel ævilangt, ef um mjög gróft brot er að ræða.

17. gr.

Óskert skulu atvinnuréttindi þeirra manna, er hlotið hafa þau samkvæmt ákvæð-um eldri laga.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 79, 13. ágúst 1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi iðnaðarlöggjöf er að meginstofni frá árinu 1927 (lög nr. 18 1927 með nokkrum breytingum, aðallega frá árinu 1936), en síðast var lögunum breytt árið 1970 (lög nr. 8 1970), sem síðan voru felld inn í gömlu lögin og endurútgefin sem lög nr. 79 1971.

Lögin frá 1927 voru fyrsta löggjöf um þetta efni á Íslandi og munu að ýmsu leyti hafa byggst á norskum lögum frá 1913 (lögum frá 25. júlí 1913.) Snemma árs 1950 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lögin frá 1927. Varð nefndin sammála um „frumvarp til iðnaðarlaga“, sem lagt var fram á Alþingi 1952 sem stjórnarfrumvarp, með nokkrum breytingum af hálfu iðnaðarráðuneytis-ins. Þrátt fyrir samstöðu í nefndinni, sem samdi frumvarpið, milli fulltrúa iðnaðar-manna og iðnrekenda voru iðnaðarmenn óánægðir með ýmis ákvæði þess, og einnig komu verkfræðingar og opinberir aðilar (Póstur og sími) fram með sérsjónarmið. Er iðnaðarnefnd neðri deildar varð ljós þessi ágreiningur, lagði hún til, að málið væri afgreitt með rökstuddri dagskrá og ríkisstjórninni falið að reyna að ná sam-komulagi við þá aðila, sem málið varðaði sérstaklega. Var rökstudda dagskráin samþykkt.

Ráðuneytið endurskipaði frumvarpshöfundana í nefnd hinn 17. jan. 1953, til að samræma sjónarmiðin á nýjan leik.

Nefndin skilaði ósamhljóða álitni hinn 16. nóv. 1953. Þrír nefndarmanna skiluðu nýju lagafrumvarpi, en tveir nefndarmanna (fulltrúar verksmiðjuiðnaðarins) vildu ekki samþykkja þær tillögur að öllu leyti.

Málið lá óhreyft þangað til 2. nóv. 1954, er ráðuneytið skipaði framkvæmdastjóra Landssambands iðnaðarmanna og Félags íslenskra iðnrekenda í tveggja manna nefnd, til þess að þrautreyna samkomulag um lagabreytingarnar. Samkomulag náðist ekki um tillögur.

Við aðild Íslands að EFTA árið 1970 er gerð breyting á lögunum frá 1927, er miða að því að efla stöðu stjórnvalda til aðhalds um það, hverjir stundað geti verksmiðjurekstur hér á landi.

Árið 1975 var samþykkt eftirfarandi þingsályktun, sem lögð var fram af Gunnari J. Friðrikssyni o. fl.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög um iðju og iðnað, nr. 79 13. ágúst 1971, og leggja frumvarp til nýrra iðnaðarlaga fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Til þess að vinna þetta verk skal ríkisstjórnin skipa sjö manna nefnd. Skulu fimm nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags íslenskra iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Sambands íslenskra samvinnufélaga, Landssambands iðnverkafólks og samtaka iðnsveina.

Tveir nefndarmanna skulu skipaðir án tilnefningar.“

Í samræmi við ofanritaða þingsályktun skipaði iðnaðráðherra nefnd til endurskoðunar gildandi laga um iðju og iðnað.

Í nefndina voru skipaðir:

Björgvin Frederiksen, framkvæmdastjóri.

Páll S. Pálsson, hrl., samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda,

Sigurður Kristinsson, málarameistari, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna,

Axel Gíslason, framkvæmdastjóri, samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra samvinnufélaga,

Guðmundur Þ. Jónsson, iðnverkamaður, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnverkafólks,

Sigurður Guðgeirsson, prentari, samkvæmt tilnefningu Iðnsveinaráðs A. S. Í.

Þorvarður Alfonsson, aðstoðarmaður ráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Ritari nefndarinnar var Gísli Einarsson, fulltrúi.

Samkvæmt beiðni Iðnnemasambands Íslands, heimilaði ráðuneytið fulltrúa þess, Steinþór Jóhannssyni húsgagnasmíðanema, að sækja fundi nefndarinnar með tilögurétti.

Nefndin varð sammála um frumvarp það og greinargerð, sem hér er lagt fram, með örfáum breytingum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum nr. 79/1971, sem bera heitið lög um iðju og iðnað, er tekið fram í 1. gr., að iðja merki í lögunum allan annan iðnað en handiðnað og heimilis-iðnað. Í 13. gr. laganna er tekið fram, að iðnaður heiti hver sú grein handiðnaðar, sem sérnám þarf til og lætur gera sjálfstætt sveinspróf samkvæmt reglugerð um iðnfræðslu.

Þá var lögunum skipt í tvo kafla, I. kafli um iðju, og II. kafli um iðnað.

Hér er tekið upp sameiginlegt heiti, iðnaður, og tekur heitið til handiðnaðar og verksmiðjuiðnaðar, hvaða efni eða orka, vélar eða önnur tæki, sem notuð eru, og hvaða vörur eða efni, sem framleidd eru. Heimilisiðnaður er undanskilinn sem fyrr.

Um 2. gr.

Til þess að reka iðnað í atvinnuskyni þarf leyfi samkvæmt lögum þessum, og varðandi handiðnað jafngildir meistarábréf í iðninni leyfi til þess að reka þá iðngrein, sem meistarábréf tekur til.

Um 3. gr.

Í 3. gr. gildandi laga eru talin upp skilyrði til iðjuleyfis.

Hér heita leyfin iðnaðarleyfi og sbr. 10. gr. samsvarar meistarábréf í iðngrein slíku leyfi í iðngreininni.

Nýmæli er hér, að íslenskur ríkishborgararéttur er skilyrði til leyfis, svo og bókhaldsþekking sem krafist er við burtfararpróf úr iðnskóla.

Þá er og nýmæli, að eigi má veita þeim leyfi, sem hlotið hefur dóm fyrir verknað, er varðar sviptingu starfsréttinda, sbr. 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ekki þykir þó rétt að hafa skilyrði þessi algjör og er því iðnaðarráðherra veitt heimild til þess að veita undanþágu frá þessum skilyrðum.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um viðskipta og bókhaldsþekkingu. Í iðnskólum er kennt bókhald og þykir sjálfsagt, þar sem iðnskólapróf er undanfari sveinsréttinda og meistararéttinda, að hið sama gildi um iðnaðarleyfi til verksmiðju-reksturs.

Nú er það staðreynd, að menn geta hlotið bókhaldsþekkingu í starfi, án þess að hafa próf í bókhaldi frá skóla. Ekki þykir rétt að útiloka slíka menn frá rétti til iðnaðarleyfis. Því er ráðherra veitt heimild til undanþágu frá þessu skilyrði, enda gert ráð fyrir að umsækjandi leggi fram sannanir fyrir þekkingu sinni, t. d. með vottorðum um starfstíma við bókhald.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um, hvernig skuli með fara, þegar um félög eða stofnanir er að ræða, sem reka vilja iðnað, og eru ákvæði hennar efnislega samhljóða gildandi lögum.

Í 1. tölulið er fjallað um félög, þar sem nokkrir eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum. Skulu þá allir, sem fulla ábyrgð bera, uppfylla skilyrði 3. gr. Sé um rekstur handiðnaðar að ræða, skulu þeir sem ábyrgð bera hafa leyst meistarábréf í iðninni.

Sé aftur á móti um félag að ræða, þar sem enginn félagi ber fulla ábyrgð á skuldbindingum, þá skulu framkvæmdastjóri og stjórnendur uppfylla skilyrði 3. gr., og á sama hátt hafa leyst meistarábréf í iðninni, ef um handiðnað er að ræða. Þá skal félagið eiga heimili og varnarþing hér á landi. Hér er ráðherra og veitt undanþáguheimild með vísun til 3. gr.

Í 3. tl. er ákvæði um að meira en helmingur hlutafjár skuli vera eign manna búsettra hér á landi, ef um hlutafélög er að ræða.

Um 8. gr.

Í 15. gr. gildandi laga eru ákvæði um að sveina- og meistarafélag í sömu iðn geti gert með sér samning um að nota megi verkafólk til iðnaðarstarfa. Þá eru og ákvæði um, að þar sem ekki er sveina- og meistarafélag, geti meirihluti samiðnaðarmanna á staðnum veitt samskonar leyfi.

Í 8. gr. frumvarpsins segir: „Ráða má þó verkafólk til iðnaðarstarfa“. Eðlilegt er talið, að meistari geti ráðið til sín aðstoðarfólk til iðnaðarstarfa. Iðnlært fólk hefur ætíð forgang til iðnaðarstarfa samkvæmt kjarasamningum.

Í 14. gr. gildandi laga er dyravörðum og öðrum unsjónarmönnum við ríkisstofnanir heimilt að vinna algenga iðnaðarvinnu til viðhalds húsum og munum slíkra stofnana, undir eftirliti húsaameistara ríkisins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að starfsmenn opinberra stofnana, ríkis- og einkafyrirtækja geti séð um minniháttar viðhald á eignum þessara aðila. Staðreynd er, að starfsmenn fyrirtækja sjá um minni-

háttar viðhald í fyrirtækjum, og því þykir rétt að viðurkenna þá staðreynd og taka ákvæði um þetta í lög. Reynslan hefur sýnt, að með þessu ákvæði, er ekki gengið á rétt iðnlærðs fólks að neinu marki. Þótt í frumvarpinu sé notað orðalagið „minniháttar viðhald“ í stað „algenga iðnaðarvinnu“, er ekki gert ráð fyrir að hér sé um efnisbreytingu að ræða.

Í 15. gr. gildandi laga segir, að í sveitum og kaптúnум með 300 íbúa eða færri megi óiðnlærðir menn vinna að byggingariðnaðarstörfum. Samkvæmt 4. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 er skylt að gera skipulagsupprætti að öllum kaupstöðum, kaптúnум og þorpum, þar sem búa 100 íbúar eða fleiri.

Eðlilegt þykir því að miða við þá tölu og heimila óiðnlærðum mönnum að vinna að iðnaðarstörfum í sveitum, kaптúnум og þorpum með færri en 100 íbúa. Í gildandi lögum tekur heimild þessi eingöngu til byggingariðnaðarstarfa. Samkvæmt frumvarpinu tekur heimildin til hvers konar iðnaðarstarfa.

Um 9. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Þykir sjálfsagt að iðnlærðir menn hafi lögvernd um starfsheiti sitt, svo sem t.d. verkfræðingar, tæknifræðingar og húsameistarar.

Að sjálfsgöðu er nimum í iðngreinum heimilt að kenna sig sem nema í viðkomandi iðngrein t. d. prentnemi, húsgagnasmíðanemi.

Um 10. gr.

Hér eru greind skilyrði sem uppfylla þarf til að leysa meistarabréf. Skal viðkomandi hafa lokið sveinsprófi í iðn sinni og hafa unnið undir stjórn meistara, að loknu sveinsprófi, ekki skemur en eitt ár, svo og lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla.

Þá segir, að meðan ekki er meistaraskóli í iðninni, geti hver maður leyst meistarabréf, hafi hann unnið undir stjórn meistara í iðngreininni eða nátengdri iðngrein, að loknu sveinsprófi, eigi skemur en tvö ár. Ýmsar greinar iðnaðar eru ná tengdar t. d. í málmíðnaði, svo sem ketilsmiði, plötusmiði o. fl.

Í stað heimildar ráðherra í 18. gr. gildandi laga að ákveða, að enginn fái meistarabréf nema að afloknu meistaraprófi, er með þessu frumvarpi gert ráð fyrir, að meistaraskóli komi í öllum iðngreinum. Meistaraskóli er nú þegar í nokkrum iðngreinum.

Í b lið 17. gr. gildandi laga nr. 79/1971 segir að hver maður, karl eða kona, geti öðlast meistararéttindi ef viðkomandi: „hefur sveinsbréf í iðn sinni og að sveinsprófi loknu unnið ekki skemur en 3 ár samtals sjálfstætt og undir stjórn meistara“. Þetta ákvæði hefur valdið erfiðleikum og menn ekki verið á einu máli um, hvernig skýra beri. Hér eru nú tekin af öll tvímæli.

Um 13. gr.

Samkvæmt gildandi lögum halda lögreglustjórar skrár yfir leyfi, sem veitt eru lögum samkvæmt. Skrár þessarar eru því eigi til á einum stað, en ætlunin er að heildarskrá um leyfin verði á einum stað. Er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari fyrirmæli í þessu efni.

Um 15. gr.

Hér eru tekin til meðferðar refsíákvæði og er lagt í vald dómara að ákveða fjárhæð sekta.